

Siðareglur starfsmanna Vestfjarðastofu

1. Gildissvið og tilgangur

Siðareglur þessar gilda um alla starfsmenn Vestfjarðastofu ses, sem við ráðningu til starfa undirgangast reglur þær sem hér fara á eftir. Tilgangur siðaregla er að endurspegla siðferðileg gildi og ábyrgð í störfum Vestfjarðastofu.

2. Almennt

Við skuldbindum okkur til að hlíta þeim lögum sem Vestfjarðastofa starfar eftir og þeim vinnureglum sem framkvæmdastjóri og stjórn setja á hverjum tíma. Við sýnum samstarfsfólki og viðskiptavinum Vestfjarðastofu ávallt virðingu og þjónustulund. Framkoma okkar á að endurspegla alúð og virðingu fyrir þeirri þjónustu sem Vestfjarðastofa veitir. Við sýnum hvert öðru gagnkvæma virðingu og komum í veg fyrir að hjá Vestfjarðastofu viðgangist óréttlæti, svo sem einelti, kynferðisleg áreitni eða mismunun byggð á kynferði, aldri, trú, búsetu, lífsskoðun eða kynhneigð.

Við leggjum áherslu á heilindi, hlutlægni, gagnrýna hugsun, fagleg vinnubrögð og málefnalegan rökstuðning í starfi okkar fyrir Vestfjarðastofu.

Við munum gæta varkárni í umfjöllun okkar um og fyrir hönd Vestfjarðastofu á opinberum vettvangi, svo sem í fjölmiðlum, á samfélagsmiðlum og á viðburðum og ekki viðhafa nein ummæli er varpað geta rýrð á ímynd og starfsemi Vestfjarðastofu. Þegar og ef viðkvæm málefni koma upp á opinberum vettvangi, er kunna að varða trúverðugleika Vestfjarðastofu og/eða einstaka starfsmenn skulu framkvæmdastjóri og eftir atvikum stjórnarformaður Vestfjarðastofu vera talsmenn út á við.

3. Trúnaður

Við erum, svo sem lög kveða á um, bundin þagnarskyldu um hvað eina sem við verðum áskynja í starfi og snertir alla samstarfsaðila og hagsmunaaðila, sem og um trúnaðarmál stofnunarinnar, og helst sú skylda þrátt fyrir starfslok. Við nýtum ekki trúnaðarupplýsingar og/eða vitneskju sem við höfum aflað í starfi okkar hjá stofnuninni, til ávinnings fyrir okkur sjálf eða aðra. Starfsmenn skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu þegar þeir taka til starfa.

Við höfum sérstaka varúð við geymslu, ljósritun, tölvuskráningu og eyðingu gagna til að tryggja trúnað við viðskiptavinum og samstarfsaðila.

4. Hagsmunaaðrekstur

Við vinnum öll okkar verk af heiðarleika og forðumst hagsmunatengsl. Við upplýsum um þau tengsl sem kunna að vera við afgreiðslu mála og segjum okkur frá málum eða afgreiðum mál á rökstuddan og gangsæjan hátt hafi slíkt verið samþykkt af framkvæmdastjóra. Við tökum ekki við gjöfum (umfram smágjafir) eða annars konar greiðslu eða þjónustu, svo sem boðsferðum eða skemmtunum, nema með samþykki framkvæmdastjóra eða stjórnar. Ekki er leyfilegt að taka við gjöfum frá viðskiptavinum og hagsmunaaðilum stofnunarinnar eða öðrum þeim sem gætu hagnast á ákvörðunum starfsmanna.

5. Stjórnarseta starfsmanna

Við tökum ekki að okkur stjórnarsetu í fyrirtækjum og stofnunum sem líklegt er að geti leitt til hagsmunaaðrekstra við störf okkar hjá Vestfjarðastofu. Við upplýsum framkvæmdastjóra og stjórn um

stjórnarsetu í fyrirtækjum og stofnunum og tengingar við félagasamtök þar sem hagsmunatengsl geta orkað tvímælis. Stjórn getur gert athugasemdir við stjórnarsetu starfsmanna.

6. Félagsmál starfsmanna

Við látum gott af okkur leiða í samfélaginu með þátttöku í samfélagsmálum en gætum þess jafnframt að þátttaka í stjórnmalastarfi eða öðru félagsmalastarfi hafi ekki óæskileg áhrif á störf okkar hjá stofnunni eða orðspor hennar.

7. Brot á siðareglum

Brot á siðareglum þessum getur valdið brottvikningu úr starfi að undangenginni áminningu.

9. Birting og kynning

Siðareglur þessar eru birtar á vef stofnunarinnar. Starfsmönnum skulu kynntar siðareglurnar þegar þeir koma til starfa. Starfsmenn undirrita jafnframt trúnaðaryfirlýsingu við upphaf starfa.

Afgreitt af Starfsháttanefnd Vestfjarðastofu á fundi 17.12.2024

Samþykkt á 65. fundi stjórnar Vestfjarðastofu 18.12.2024.